



Minnisblað

Viðtakandi	Efnahags- og viðskiptanefnd	Dagsetning	14. maí 2024
Sendandi	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Málsnúmer	FJR24010124

Ráðstöfun eignarhluta í Íslandsbanka hf. – mál 920

Þann 10. maí sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir minnisblaði með viðbrögðum við umsögnum í [máli nr. 920, ráðstöfun á eignarhluta í Íslandabanka hf.](#) Níu innsend erindi eru skráð á vef Alþingis og þar af eru átta umsagnir.

Í minnisblaði þessu er brugðist við umsögnum og jafnframt komið inn á önnur atriði sem þingmálið varða.

Viðbrögð við umsögnum.

1. Viðskiptaráð Íslands

Í umsögninni er lagt til að frumvarpið nái fram að ganga og stjórnvöld hvött til að ljúka við sölu á eignarhlutum ríkissjóðs í Íslandsbanka, sem og halda áfram að losa um eignarhald hins opinbera í öðrum fyrirtækjum í atvinnurekstri. Umsögnin kallar ekki á viðbrögð af hálfu ráðuneytisins.

2. Seðlabanki Íslands

Í umsögn bankans eru þrenns konar athugasemdir eða ábendingar:

2.1 Hugtakanotkun

Í umsögninni eru lagðar til þrenns konar breytingar á hugtakanotkun í frumvarpinu:

2.1.1 *Notað verði hugtakið almennt útboð í stað markaðssetts útboðs í samræmi við aðra lögjérf á fjármálamarkaði.* Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Sú söluaðferð sem hér er lögð til er fullmarkaðssett útboð, þ.e. opið útboð til allra fjárfesta. Í lögum eru slík útboð nefnd almenn útboð verðbréfa.“ Ráðuneytið telur það ekki muni valda vandræðum, verði frumvarpið að lögum, að notast við hugtakið markaðssett útboð.

2.1.2. *Notað verði hugtakið lýsing í stað útboðslýsingar og skráningarlýsingar í samræmi við aðra lögjérf á fjármálamarkaði.* Í athugasemdum við ákvæði 4. gr. í greinargerð frumvarpsins segir: „Seðlabankinn mun þurfa að staðfesta lýsingu, sem í frumvarpi þessu er nefnd útboðslýsing, ...“. Ráðuneytið telur það ekki muni valda vandræðum að notast við hugtakið útboðslýsing.

2.1.3. *Áréttað verði að það eru lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði sem gilda um almenn útboð þó að lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga gildi um ýmsa þá aðila sem koma að slíku útboði og almennt um viðskipti á markaði.* Ráðuneytið telur gildissvið laga nr. 14/2020 vera skýrt og telur ekki að slíkrar áréttingar sé þörf í frumvarpinu.

Einnig leggur bankinn til að „hugað verði að hugtakanotkun í frumvarpinu sem lýtur að einstaklingum og almennum fjárfestum og að skýrt verði hvort ætlunin sé að afmarka tilboðsbók A við einstaklinga og undanskilja lögaðila frá því að taka þátt í útboðinu með tilboðum undir 20.000.001 kr.“ Ráðuneytið horfir til þess að í ákvæðum frumvarpsins um tilboðsbók A segir: „Einungis einstaklingum skal vera heimilt að gera tilboð.“ Lögaðilar eru ekki einstaklingar.

2.2 Hlutverk og ábyrgð

Bankinn bendir í umsögninni á að í gildandi lögum um sölumeðferð eignarhluta er að finna ákvæði um hlutverkaskiptingu milli ráðuneytisins og Bankasýslu ríkisins og skyldur hvors aðila fyrir sig. Bankinn telur þörf á að skýra betur hlutverk og ábyrgð ráðherra við framkvæmd útboðs sem og hlutverk og ábyrgð aðila sem minnst er á í ákvæðum frumvarpsins.

Því er til að svara að frumvarpið hefur ekki að geyma ákvæði um verkaskiptingu á milli stofnana við framkvæmd útboðsins. Engin verkefni eru falin öðrum en ráðuneytinu og því engum vafa undirorpið hvar ábyrgð á tilteknum verkþáttum liggur. Það er misskilningur að ætla að í skyldum og heimildum ráðherra skv. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins til að fela ráðgjöfum umsjón og utanumhald tiltekinna verkþátta felist framsal á ábyrgð. Viðkomandi aðilar munu starfa fyrir hönd ráðuneytisins rétt eins og sambærilegir aðilar störfuðu fyrir hönd Bankasýslu ríkisins í fyrri útboðum, í samræmi við ákvæði gildandi laga nr. 155/2012 sem fela Bankasýslunni framkvæmd sölu á eignarhlutum.

Líkt og ráðuneytið reifaði undir meðferð máls nr. F132/2023 hjá umboðsmanni Alþingis og getið er um í álitinu í því máli var Bankasýslunni falið mikilvægt hlutverk við undirbúning og framkvæmd sölu á eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum með lögum nr. 155/2012, um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Í þeim lögum er kveðið á um verkaskiptingu sem skilgreinir aðkomu ráðherra annars vegar og Bankasýslunnar hins vegar að hverjum og einum verkþætti við sölu á eignarhlutum ríkisins. Ekki er vafa undirorpið að ráðherra ber stjórnskipulega ábyrgð á ráðstöfunum stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 155/2012, bæði ráðuneytisins og Bankasýslunnar. En enda þótt ráðherra beri ábyrgð á að söluferli fari fram í samræmi við lög þá kveða lög nr. 155/2012 sem fyrr segir á um að umsjón með og ábyrgð á einstaka þáttum ferlisins sé skipt á milli ráðuneytisins og Bankasýslu ríkisins.

Í niðurstöðum umboðsmanns í málinu segir að í samræmi við almenna skyldu stjórnvalda til að virða valdmörk sín hafi ráðherra við afskipti sín af Bankasýslunni borið „að virða hlutverk og verkefni stofnunarinnar eins og þetta leiddi af lögum hverju sinni.“ Áfram segir í álitinu: „Var það t.a.m. lögbundið hlutverk Bankasýslunnar en ekki ráðherra að eiga visst frumkvæði að sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka hf. og sjá um framkvæmd tillagna að fengnu samþykki hans. Þá bar ráðherra við möguleg tilmæli sín vegna meðferðar málsins að gæta þeirra nánari takmarkana og fyrirmæla sem leiddu af lögum. Að mínu mati haggði þetta þó ekki almennri skyldu ráðherra til að fylgjast með því að starfræksla Bankasýslunnar væri í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.“

Fyrirliggjandi frumvarp sameinar hjá ráðherra þau hlutverk með mismunandi verkþáttum sem í gildandi lögum eru faldir Bankasýslunni annars vegar og ráðherra hins vegar. Því telur ráðuneytið það vera misskilningur í umsögn Seðlabankans að taka þurfi af vafa um

„skiptingu verkefna, hvað í þeim felst og hvaða ábyrgð fylgir hverju þeirra“. Verkefni frumvarpsins og ábyrgð á þeim eru hjá ráðuneytinu sem leita mun liðsinnis sérfræðinga við úrvinnslu þeirra í samræmi við áskilnað og heimildir frumvarpsins, verði það að lögum.

2.3 Þagnarskylda og upplýsingar um skortsölu

Í 4. gr. frumvarpsins segir að Fjármálaeftirlit Seðlabankans skuli „upplýsa ráðuneytið um tilkynntar skortstöður í bankanum skv. 2. másl. daginn sem útboð hefst.“ Seðlabankinn leggur í umsögn sinni til að það verði kannað hvort ákvæðið samrýmist ákvæðum reglugerðar ESB sem innleidd var með lögum nr. 55/2017 um skortsölu og skuldatryggingar. Ráðuneytið telur engar vísbendingar uppi um að upplýsingaskylda Seðlabankans sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé í ósamræmi við tilvísaða gerð. Ef um slíkan ósamrýmanleika væri að ræða þá hefði bankinn án efa getað bent á hann í umsögn sinni.

Þá telur bankinn „nauðsynlegt að skýra nánar hvaða upplýsingar sé ætlast til að ráðuneytið fái frá Seðlabankanum um tilkynntar skortstöður skv. 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins“. Líkt og ákvæði frumvarpsins ber með sér er meiningin að upplýst sé um skortstöður í bankanum sem hafa verið tilkynntar. Upplýsingar um aðila sem eru með tilkynntar skortstöður verða bornar saman við tilboð í útboðum með eignarhluti og tilboð þeirra verða ekki metin gild, sbr. skýr ákvæði lokamálsgreinar 4. gr. frumvarpsins. Því er fullljóst hversu ítarlegar upplýsingarnar þurfa að vera og hvernig meðhöndlun þeirra verður háttáð, m.a. hvað varðar miðlun til þeirra sem hafa umsjón með tilteknum verkþáttum fyrir hönd ráðuneytisins. Engum vafa er undirorpið að skipulag og yfirumsjón útboðsins kann að vera falin þriðja aðila, sbr. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Slíkur aðili mun að sjálfsgöðu vinna með upplýsingar sem ráðuneytinu berast og varða skipulag og framkvæmd útboðsins.

Loks áréttar Seðlabankinn í umsögninni að viðmiðunarmörk tilkynningarskyldu nettó skortstöðu liggja við 0,2% af útgefnu hlutfé, og svo þegar nettó skortstaða eykst um 0,1% umfram þau mörk. Seðlabankinn hafi því ekki upplýsingar um nettó skortstöður sem ná ekki þessum viðmiðunarmörkum. Það er góð og rétt áréttning. Ákvæði frumvarpsins miðast enda við „tilkynnta skortstöðu“.

Seðlabankinn endar umsögn sína á því að kalla eftir því að „þátttakendur í útboðinu verði upplýstir með skýrum hætti um að hvaða marki ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um þagnarskyldu gilda ekki um viðskipti með eignarhlut ríkisins þegar um það er að ræða.“ Í frumvarpinu er ákvæði sem segir að ráðherra skuli „án tillits til þagnarskyldu skv. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002“ birta opinberlega „sundurliðaðar upplýsingar um hver og ein viðskipti með eignarhluti“ m.a. nöfn kaupenda. Ráðuneyti telur ákvæðið uppfylla viðmið um skýrleika lagaákvæða. Verði frumvarpið að lögum þá mun ráðuneytið reyna að tryggja að tilboðsgjafar velkist ekki í vafa um að útboð með eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka fari fram á grundvelli þeirra laga. Eftir atvikum kann að vera rétt að undirstrika þetta atriði í kynningu útboðsins.

3. Samtök atvinnulífsins

Samtökin fagna boðaðri sölu í umsögn sinni og telja markmið frumvarpsins um að draga úr fjárhagslegri áhættu ríkissjóðs og lækkun skuldahlutfalls ríkissjóðs eftirsóknarverð. Þá taka þau undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpi til laganna. Umsögnin kallar ekki á viðbrögð af hálfu ráðuneytisins.

4. Samkeppniseftirlitið

Í umsögn Samkeppniseftirlitsins eru engar ábendingar eða tillögur að breytingum heldur eingöngu bent á atriði sem stofnunin hefur í aðdraganda fyrri útboða lagt til að verði höfð að leiðarljósi:

- a) *Að stefnt sé að sem fjölbreyttustu eignarhaldi aðila sem eru líklegir til að hafa að leiðarljósi langtímahagsmuni af traustum bankarekstri.*
- b) *Að kaupendur að stórum hlutum Íslandsbanka eigi ekki jafnframt hlut í keppinautum bankans. Slikt gæti skert hvata til innbyrðis samkeppni milli bankanna.*
- c) *Að kaupendur bankans séu ekki mikilvægir keppinautar hans því slikt gæti leitt til skerðingar á samkeppni á viðkomandi markaði/mörkuðum.*
- a) *Að kaupendur bankans séu ekki umsvifamiklir viðskiptavinir bankans því það skapar hættu á hagsmunaaðreksrum. T.d. væri hættu á að slíkir aðilar nyttu betri kjara og ættu greiðari aðgang að fjármögnun hjá viðkomandi banka en keppinautar þeirra (eigendanna). Þetta myndi einnig skapa augjóna hættu út frá fjármálastöðugleikasjónarmiði eins og hrúnið 2008 er til vitnis um.*
- e) *Að sala á hlut ríkisins í bankanum leiði að öðru leyti ekki til skerðingar á samkeppni. Stofnist t.d. til nýrra yfirlýsinga við sölu á eignarhlut kemur til kasta Samkeppniseftirlitsins að taka áfstöðu til yfirlýsinganna í samrunamáli. Við undirbúning slíkrar sölu þyíftu sjórnvöld því að huga að því hvort í henni felist skerðing á samkeppni sem leitt geti til ihlutunar Samkeppniseftirlitsins, ógildingu samrunans eða setningu skilyrða.*

Með fyrri sölum á eignarhlutum í Íslandsbanka hf. hefur verið náð markmiðum um fjölbreytt eignarhald og gert er ráð fyrir að með fyrirhuguðum útboðum verði eignarhaldið áfram fjölbreytt.

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til sérstakar skorður við því hvaða aðilum er heimilt að eiga hlut í bankanum. Eðlilegra er talið að sömu almennu skorður gildi varðandi eigendur Íslandsbanka hf. og um eigendur annarra fjármálastofnana. Um slík atriði gilda m.a. lög um fjármálafyrirtæki og samkeppnislög. Eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og Samkeppniseftirlitsins tekur fullum fetum til eigenda bankans. Ekki kemur til greina að handvelja æskilega kaupendur í útboðinu eða leggja mat á hverjir teljist óæskilegir umfram það sem leiðir af almennum lögum Alþingis.

5. Persónuvernd

Í umsögn Persónuverndar eru lagðar til breytingar á þá leið að látið verði nægja að birta nöfn kaupenda að stærri eignarhlutum í Íslandsbanka, og eftir atvikum fæðingardag þeirra. Ráðuneytið telur það ekki muni draga úr gagnsæi svo miklu nemi, að fæðingardagur verði birtur frekar en kennitala þegar um einstaklinga er að ræða. Þannig yrði jafnframt jöfnuð staða erlendra og innlendra einstaklinga, en einungis seinni hópurinn er með kennitölur.

Erfiðara er fallast á tillögur í umsögn Persónuverndar um að „ekki verði birtar upplýsingar um kaupendur að óverulegum eignarhlutum.“ Líkt og komið hefur fram við vinnslu málsins þá vegast í því hagsmunir sem tengjast persónuvernd og háþöskun verðs annars vegar og hagsmunir sem tengjast gagnsæi og trausti almennings hins vegar. Í frumvarpinu eru síðarnefndu hagsmunirnir taldir vega þyngra.

Rétt er að áréttta að hlutabréf í Íslandsbanka hf. fela ekki í sér sérstök réttindi sem einungis er unnt að öðlast með þátttöku í útboði á vegum ríkisins. Í fyrirhuguðum útboðum verða aðstæður sambærilegar og í útboðinu sem fram fór árið 2022 að því leyti að bréf í bankanum eru skráð á markað þegar útboð á sér stað. Því getur hver sem er keypt hlutabréf í bankanum fyrir útboð og eftir útboð og í kaupum á hlutabréfum í Íslandsbanka hf. felast því ekki sérstakir eða einstaklegir hagsmunir. Þegar um almenn

Útboð á þegar skráðum hlutabréfum er að ræða tekur verð mið af markaðsverði á þeim tíma að teknu tilliti til magns sem selt er, samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Frávik frá meðalverði sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu endurspeglar þannig samspil framboðs og eftirspurnar en ekki eiginlegan afslátt af raunvirði. Í þessu samhengi er þó vert að minna á að líklegt er að markaðsverð verðbréfa sem selja á með markaðssettu útboði, þar sem útboðsferlið nær yfir nokkra daga, lækki umfram það sem þekkt er í tilboðsfyrirkomulagi, þar sem útboðsferlið er milli lokunar markaða einn dag og opnun morguninn eftir. Ákvörðun um að styðjast við aðferðafræði markaðssetts útboðs felst aðallega í því að hægt er að forgangsraða einstaklingum umfram lögaðila eins og gert var í frumútboðinu. Horft er til þess að það muni einnig auka gagnsæi og traust almennings, en þeir hagsmunir eru aftur taldir veða þyngra en að hámarka verð.

Ráðuneytið minnir á að birtingu upplýsinga um kaupendur er ætlað að undirbyggja traust almennings til útboðs á eignarhlutum, m.a. að teknu tilliti til þess sem á undan er gengið við sölu á hlutum í fjármálafyrirtækjum á Íslandi. Þar sem ákvæði stjórnarsýslulaga um sérstakt hæfi munu ekki taka til ráðstafana samkvæmt frumvarpinu telur ráðuneytið tilefni til enn meira gagnsæis en ella. Einnig má benda á að sú sala sem helst var gagnrýnd af hálfu þingmanna og fjölmiðla í kjölfar útboðsins sem fram fór í mars 2022 varðaði „óverulegan“ eignarhlut samkvæmt mati umboðsmanns Alþingis, sbr. [niðurstöðu embættisins í máli nr. F132/2023](#). Ennfremur bendir ráðuneytið á að hluthafaskrá sem sýnir hluthafa í bankanum hverju sinni er aðgengileg öllum hluthöfum, sem telja tugi þúsunda.

Loks skal bent á að í lögum um fjármálafyrirtæki er kveðið á um að nöfn þeirra einstaklinga sem eiga meira en 1% af hlutafé eða stofnfé í fjármálafyrirtæki skuli birt á hverjum tíma og sömuleiðis raunverulegt eignarhald einstaklings eða einstaklinga í gegnum lögaðila. Með því að einskorða birtingu upplýsinga úr útboðinu við kaupendur að umtalsverðum eignarhlutum væri löggjafinn því mögulega ekki að stíga eitt einasta skref í gagnsæisátt.

Sem fyrr segir er ekki ástæða til að ætla að birting fæðingardags í stað kennitölu komi niður á markmiðum frumvarpsins. Ráðuneytið getur að öðru leyti ekki tekið undir mat Persónuverndar um að fyrirhuguð vinnsla persónuupplýsinga gangi lengra en nauðsynlegt er til að ná markmiðum um gagnsæi, jafnræði og traust.

6. Kauphöll Íslands

Í umsögninni er bent á að almenn útboð séu flóknari í framkvæmd en aðrar mögulegar leiðir, en hafi aftur á móti þá kosti að þau eru talsvert gagnsærri og séu góð leið til að tryggja jafnan aðgang fjárfesta, stórra sem smárra. Umsögnin kallar ekki á viðbrögð af hálfu ráðuneytisins.

7. Hagsmunasamtök heimilanna

Samtökin lýsa í umsögn sinni yfir andstöðu gegn því að losað verði um eftirstandandi eignarhald ríkisins á Íslandsbanka. Um slík sjónarmið vísast til þess sem fram kemur í 6. kafla greinargerðar með frumvarpinu um eignarhald ríkisins. Jafnframt er áréttað í niðurstöðum samráðs sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda að almennt sé ekki litið svo á að opinbert eignarhald á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði sé sérstaklega til þess fallið að bæta hag neytenda eða auka samkeppni.

8. Alda - félag um sjálfbærni og lýðræði

Í umsögn félagsins eru færð rök fyrir því að þrátt fyrir markmið um dreift eignarhald sé hætta á að einstakir aðilar eignist stóran hlut í Íslandsbanka. Því er til að svara að markmiðum um dreift eignarhald í bankanum hefur þegar verið náð og hluthafar í bankanum telja tugi þúsunda. Í löggjöf um

fjármálafyrirtæki er ekki lagt blátt bann við því að einstakir hluthafar fari með stóran hlut í bönkum og frumvarpinu er ekki ætlað að leggja sérstakar kvaðir varðandi eignarhluti í Íslandsbanka. Í lögum um fjármálafyrirtæki er að finna reglur um hæfi til þess að fara með virkan eignarhlut og um tilkynningar til eftirlitsaðila vegna virkra eignarhluta.

Þá er í umsögninni bent á að fjölbreytni í rekstrarformi á bankamarkaði kunnir að ýta undir samkeppni. Því er til að svara að í frumvarpinu er ekki að finna neinar hömlur gegn því að samfélagsbankar eða fleiri sparisjóðir séu settir á fót eða starfræktir. Engin rök standa til þess að íslenska ríkið noti eignarhlut sinn í Íslandsbanka til þess að reyna að breyta rekstrarformi hans.

Varðandi hættur tengdar bankarekstri telur ráðuneytið að í umsögninni sé horft fram hjá breytingum sem orðið hafa á lögum og eftirliti með fjármálakerfinu undanfarin ár, sem styrkt hafa það gegn áföllum og minnkað líkur á kostnaði fyrir almenning af völdum slíkra áfalla. Á þær breytingar var félaginu þó bent við meðferð málsins í samráðsgátt stjórnvalda. Í einfölduðu máli má segja að í dag beri ríkið minni almenna áhættu af rekstri bankastofnana en áður fyrr. Þó er ekki unnt að útiloka með öllu að áföll dynji yfir sem krefjist aðkomu hins opinbera. Komi slík tilfelli upp er óæskilegt að ríkið sé bæði í eigendahlutverki og í hlutverki þess sem kemur til aðstoðar og tapi þannig mögulega fjármunum á báðum vígstöðvum.

Söluþóknun.

Í erindi frá nefndinni dags. 13. maí sl. segir:

Í 2. mgr. 4. gr. kemur fram að söluþóknun hvers söluaðila skal nema 0,75% af verðmæti þeirra hluta sem viðkomandi söluaðili selur.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið hefur komið fram að þetta ákvæði kunnir að leiða til þess að minna rými verði fyrir samkeppni söluaðila. Með hliðsjón af því er óskað eftir frekari rökstuðningi frá ráðuneytinu um þetta.

Ekki kemur fram í erindinu hvaða sjónarmið eru að baki hugleiðingum um að ákvæðið kunnir að leiða til minni samkeppni. Ráðuneytið hefur ekki mótttekið ábendingar um aðrar útfærslur sem kunnir að vera betur til þess fallnar að stuðla að samkeppni söluaðila. Að baki því að fastsetja söluþóknunina í frumvarpinu liggja sjónarmið um að um sem flest framkvæmdaratriði við ráðstöfun eignarhlutarins sé skýrt kveðið í lögum.

Önnur atriði.

Lágmarksboð.

Með erindi til nefndarinnar dags. 7. maí sl. upplýsti ráðuneytið að lagfæring á orðalagi 4. gr. frumvarpsins gæti verið til þess fallin að taka af allan vafa um lágmarksboð, þ.e. að það sé t.d. 100.000 kr. í báðum tilboðsbókum. Núverandi orðalag mætti skilja á þann veg að í tilboðsbók B sé annað hvort ekkert lágmarksboð, eða að lágmarksboðið sé 20.000.000 kr. í þeirri bók.

Hér á eftir er gerð tillaga að mismunandi lágmarkstilboðum. Í tillögunni er tillit tekið til þess að lögaðilar þurfa að fara í tilboðsbók B óháð efnahag þeirra. Því sé eðlilegt að lögaðilar geti gert tilboð fyrir fjárhæð niður að hámarksskerðingu einstaklinga og lágmarkið í tilboðsbók B sé því 2 m.kr., frekar en að sú bók byrji í 20.000.001 (eða að ekkert lágmark sé í tilboðsbók B eins og skilja má orðalagið í frumvarpinu).

Söluaðilar skulu skipta tilboðsbókum sínum í tilboðsbók A og tilboðsbók B. Sala samkvæmt tilboðsbók A skal hafa forgang við úthlutun. Lágmarkstilboð skal vera 100.000 kr. í tilboðsbók A og 2.000.000 kr. í tilboðsbók B.

a. Tilboðsbók A skal taka við söluþilboðum á föstu verði, sem skal nema meðalverði hlutabréfa í Íslandsbanka hf. síðustu 15 daga fyrir birtingu útboðslýsingar, með að hámarki 5% fráviki til lækkunar. Í tilboðsbókina skal vera heimilt að gera tilboð ~~frá 100.000 kr.~~ að 20.000.000 kr. Einungis einstaklingum skal vera heimilt að gera tilboð. Reynist nauðsynlegt að skerða áskriftir til að mæta eftirspurn skal það gert hlutfallslega, svo að allt hlutafé seljist. Þó skal ekki skerða áskriftir niður fyrir 2 millj. kr., nema slíkt reynist nauðsynlegt til að mæta eftirspurn og skal það þá gert hlutfallslega.

b. Í tilboðsbók B skal vera heimilt að gera tilboð umfram 20.000.000 kr. Söluverð skal vera lægsta tilboðsverð sem nær heildarmagni útboðsins en lágmarksverð skal þó ekki vera lægra en fasta verðið í tilboðsbók A. Reynist nauðsynlegt að skerða áskriftir til að mæta eftirspurn skal það gert á grundvelli tilboðsverðs eingöngu. Reynist nauðsynlegt að skerða lægstu samþykktu tilboð skal það gert hlutfallslega.

Endurkaupaáætlun Íslandsbanka.

Varðandi samspil frumvarpsins og endurkaupaáætlunar Íslandsbanka vill ráðuneytið áréttta að ekkert í frumvarpinu aftrar Íslandsbanka frá því að taka þátt í fyrirhuguðum útboðum sem kaupandi. Á hluthafafundi Íslandsbanka hf. hefur stjórn bankans verið veitt heimild til að kaupa allt að 10% af hlutafé bankans. Að því sögðu hefur ráðuneytið ekki upplýsingar um hvort þátttaka í útboði rúmast innan gildandi endurkaupaáætlunar bankans.

Framhald málsins.

Ráðuneytið er reiðubúið til að veita nánari skýringar ef eftir því verður leitað og eins ef nýjar spurningar koma fram.